

Nd.

SO. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. október 1912.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna skulu setjast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Soda, kít, leir, karbíd, bensin, þakhellur, netakúlur og tómar flöskur.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulur teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Olíufóðurkökur, melasse og melassemjöl, kjötfóðurmjöl, hjólklaifar (blakkir), saumur, brýni, hverfisteinar, kvarnarsteinar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur, kvíslar, bátavjelar (mótorar), gufukatlar, gufuvjelar, gufuvagnar, bifreiðar, lausar umbúðir, tómir pokar, húsapappi alls konar, akkeri og akkerisfestar (keðjur), kokolit, járnbitar, ofnar, eldavjelar, járnþípur, gips, heflspænir og sag, olíufatnaður, gólfdukar (Linoleum) og gólfbræðingur (linotol).

Þriðji liður 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hér segir:

Af alls konar vefnaðarvöru, fatnaði, öðrum en olíufatnaði (þar með talinn alls konar skófatnaður), tvinna og alls konar garni, öðru en alls konar seglgarni, 0,30 kr. af hverjum 5 kilogr.

Sjötti liður 1. málsgr. 1. gr. vörutollslaganna skal vera sem hér segir:

Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,10 kr. af hverjum 5 kilogr. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, sem eigi falla undir sama tolltaxta.

Auk vörutegunda þeirra, sem undanþegnar eru vörutolli undir 6. lið 1. gr. nefndra laga, skal pappír, tilbúin áburðarefni, leirþípur og sandur vera undanskilin vörutolli.

2. gr.

Gjald af pósthöggjum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 22, 20. október 1913, um breyting á lögum um vörutoll úr lögum numin.